

Borgarráð

Stofnun hverfissjóðs

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnaður verði sérstakur hverfissjóður sem hefur það að markmiði að efla samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti. Sjóðurinn styrki einkum íbúa, hverfisbundin félagasamtök og aðra þá sem vilja leggja sitt af mörkum og standa fyrir hverfistengdum verkefnum/viðburðum með framangreind markmið. Lagt er til að úthlutun í einstaka hverfum verði í höndum hverfisráða samkvæmt nánari útfærslu í úthlutunarreglum.

Greinargerð:

Eins og fram kemur í tillögunni er hlutverk hverfissjóðsins er að veita einstaklingum, félagasamtökum og öðrum styrki vegna verkefna og viðburða sem styðja og styrkja félagsstarfsemi og önnur samvinnuverkefni í hverfum Reykjavíkur. Sjóðurinn skal styrkja hverfistengd verkefni sem efla félagsauð, styrkja samstarf íbúa eða hlúa að minnihlutahópum svo dæmi séu tekin.

Árið 2011 tók til starfa Hverfissjóður Reykjavíkurborgar – Spron sjóðurinn sem hafði sambærilegt hlutverk og þessi nýji sjóður. Hefur verið úthlutað til hverfistengdra verkefna úr honum síðan, en þeim fjármunum sem settir voru í sjóðinn í upphafi hefur nú verið ráðstafað. Sjóðurinn hefur á þessum tíma sannað gildi sitt og fjármagnað fjölmörg hverfistengd verkefni með góðum árangri. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut til þess að styðja sem best við það fjölbreytta starf sem sprottið hefur upp um alla borg.

Á þessu ári tók til starfa sérstakur miðborgarsjóður, í samræmi við stefnumótun sem samþykkt var í borgarráði um málefni miðborgarinnar. Sá sjóður hefur viðtækara hlutverk en hverfissjóðurinn, en verkefni miðborgarsjóðsins rúmast að hluta til innan þess ramma sem hinum nýja hverfissjóði er ætlað að mæta í öðrum hverfum Reykjavíkur. Er því lagt til að hverfissjóðurinn sinni fyrst og fremst öðrum hverfum en miðborginni.

Leita skal leiða til þess að dreifa styrkjum hverfissjóðsins sem jafnast á milli hverfa Reykjavíkurborgar og er því lagt til að fjármunum verði ráðstafað jafnt eftir hverfum og það verði í höndum hverfisráða að úthluta styrkjum til þessara verkefna. Hverfisráð geti staðið sameiginlega að úthlutun til stærri verkefna sem teygja sig milli hverfa, og verði að slíku samstarfi vikið í úthlutunarreglum sjóðsins. Unnið verður að úthlutunarreglum í samráði við hverfisráð og stjórnkerfis- og lýðræðisráð og tillögur að úthlutunarreglum lagðar fyrir borgarráð í desember nk. sem og tillögur um umfang sjóðsins. Gert er ráð fyrir að fyrsta starfsár hverfissjóðsins verði á næsta ári og fyrsta úthlutun verði í apríl 2018. Í

úthlutunarreglum komi m.a. fram að Reykjavíkurborg geti sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka.

Dagur B. Eggertsson